

Mál nr. 5/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 28. september 2010, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 5/2010

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur félagsins með því að para saman Miniature Pinscher tíkina Z og hundinn ZZ án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 5. mars 2010 og honum gefinn frestur til að andmæla til 6. apríl. Kærði sinnti ekki andmælafresti og var honum á ný gefinn frestur til að andmæla með bréfi dagsettu 3. maí þar sem frestur var gefinn til 10. maí. Kærði sinnti heldur ekki þessum fresti. Boðaður var sáttafundur með aðilum málsins 28. september en haldinn var símafundur. Aðilar gerðu ekki athugasemdir við fyrirkomulag og framkvæmd fundarins og kynntu báðir málsaðilar sín sjónarmið fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og þar sem nefndin taldi öll gögn liggja fyrir sem og þau sjónarmið komin fram er máli skipta var málið tekið til úrskurðar í beinu framhaldi.

II Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Tíkin Z var pöruð við hundinn ZZ án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af tegundinni Miniature pinscher. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum félagsins. Kærði játaði brot sitt skýlaust og þótti miður að hafa ekki kynnt sé reglur félagsins betur.

III Forsendur

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með gilt vottorð fyrir pörun

um heilsufarsskoðun eða skapgerðarmat sé þess krafist fyrir ræktunarhund. Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Miniature pinscher:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).

Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að skila þarf staðfestu augnvottorði ræktunardýrs fyrir pörun. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6. í grundvallarreglum félagsins.

Kemur því til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotanna. Reglum um lágmarksaldur dýra við pörun og tilskilin heilsufarsvottorð eru til þess að hafa fyrirbyggjandi áhrif og brot á þeim geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar stofnsins.

Kærði hefur gengist skýlaust við brotum sínum. Þetta var fyrsta got tíkarinnar og hann hafði ekki kynnt sér nægilega reglur félagsins varðandi ræktun. Þar fyrir utan er siðanefnd ekki kunnugt um að kærði hafi áður gerst brotlegur.

IV Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotlegur við grundvallarreglur HRFÍ um ræktun.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir